

## **Freysnes óveðrið 16 september 2004**

Hálf dán Ágústsson og Haraldur Ólafsson

Háskóli Íslands, Reiknistofa í veðurfræði og Veðurstofa Íslands  
halfdana@hi.is

Á Suðausturlandi var mikið óveður 16. september 2004. Vindhviður mældust yfir 50 m/s og háupplausnar reikningar með lofthjúpslíkani og skemmdir á húsum benda til að vindhviður hafi verið enn öflugri. Mælingar og reikningar sýna staðbundna aukningu í vindhraða meðfram fjallshlíðum sem og þyngdarbylgjubrot ofan fjallanna. Óveðrið er gott dæmi um hvernig ástand lofthjúpsins leiðir til að aðstæður verða hagstæðar til myndunar staðbundins óveðurs við samspil landslags og loftstraums. Líkanreikningar í 9 km víðum möskvum spáðu rétt fyrir óveðrinu en niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að með hærri láréttri upplausn hefði mátt líkja enn betur eftir óveðrinu og þá einkum eftir aðstæðum þar sem óveðrið var sem verst og vindhraði mestur.